


# HAFRANNSÓKNIR

13. hefti



Skýrsla um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum  
og aflahorfur 1978

Gunnar Jónsson: Skrá um nöfn á fiskum og ýmsum  
öðrum sjávardýrum

Svend-Aage Malmberg: Háfadjúp — Snæfellsnes  
1971—1975. (I. Háfadjúp)

# RIT FISKIDEILDAR

## I. BINDI — VOL. I.

1940. Nr. 1. **Árni Friðriksson:** Rannsóknir Fiskideildar 1937–1939. (Investigations carried out by the Fisheries Department of the University Research Institute Reykjavík in the Years 1937–1939. 11 Figs. and Summary in English).  
Nr. 2. **Árni Friðriksson:** Lax-rannsóknir 1937–1939. (Salmon Investigations in the Years 1937–1939. 12 Figs. and Summary in English).
1941. Nr. 1. **Finnur Guðmundsson og Geir Gígja:** Vatnakerfi Ölfusár–Hvítár. (The River-system Ölfusá–Hvítá. 5 Figs. and a Map. Summary in German).
1942. Nr. 1. **Finnur Guðmundsson og Geir Gígja:** Vatnakerfi Blöndu. (The River-system Blanda. 12 Figs. Summary in German).
1944. Nr. 1. **Árni Friðriksson:** Norðurlands-sildin. (The Herring of the North-Coast of Iceland. 52 Figs. and 70 Tables. Summary in English). (Ófáanlegt).
1950. Nr. 1. **Árni Friðriksson og Günther Timmermann:** Rannsóknir á hrygningarstöðvum vorgotssíldar vorið 1950. (Herring spawning Grounds off the South Coast of Iceland during Spring 1950. 5 Figs. No Summary. Extract printed in J. Conseil Explor. Mer. XVII. No. 2. Copenh. 1951). (Ófáanlegt).  
Nr. 2. **Árni Friðriksson og Olav Aasen:** Norsk-íslenzku síldarmerkingarnar (9 Figs. but no Summary. This is a Translation of Á. F. and O. Aa.: The Norwegian-Icelandic Herring Tagging Experiments. Rep. on Norw. Fish. and Mar. Inv. Vol IX. Nr. 11. Bergen, Norway 1950). (Ófáanlegt).
1952. Nr. 1. **Árni Friðriksson og Olav Aasen:** The Norwegian-Icelandic Herring Tagging Experiments. Report no. 2. 13 Figs.

## II. BINDI — VOL. II.

- Nr. 1. **Hermann Einarsson og Unnsteinn Stefánsson:** Drift Bottle Experiments in the Waters between Iceland, Greenland and Jan Mayen during the Years 1947 and 1949. 1954.
- Nr. 2. **Unnsteinn Stefánsson:** Temperature Variations in the North Icelandic Coastal Area. 1954.
- Nr. 3. **Hermann Einarsson:** Skarkolinn (*Pleuronectes platessa* L.) í Hamarsfirði. — (The Plaice (*Pleuronectes platessa* L.) in Hamarsfjörð, E-Iceland). 1956.
- Nr. 4. **Hermann Einarsson:** Frequency and distribution of post-larval stages of herring (*Clupea harengus* L.) in Icelandic waters. 1956.
- Nr. 5. **Jakob Jakobsson:** A Study of the Plankton-Herring Relationship off the SW-Coast of Iceland. 1958.
- Nr. 6. **Ingvar Hallgrímsson:** A Short-cut Method for Estimating Zooplankton Composition while at Sea. 1958.
- Nr. 7. **Hermann Einarsson:** The Fry of Sebastes in Icelandic Waters and Adjacent Seas. 1960.
- Nr. 8. **Unnsteinn Stefánsson:** Temperature at 20 Meters in Icelandic Waters in May–June 1950–1959. 1960.
- Nr. 9. **Unnsteinn Stefánsson, Baldur Líndal, Jóhann Jakobsson og Ísleifur Jónsson:** The Salinity at the Shores of Southwest Iceland. 1961.
- Nr. 10. **Jakob Jakobsson:** Icelandic Driftnet Herring Tagging Experiments. (Síldarmerkingar úr reknetum). 1961.

Forsíðumynd: Girnileg blanda. (Ljós.: Gísli Ólafsson).

# HAFRANNSÓKNIR

## 13. HEFTI

REYKJAVÍK  
HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

1978

*Útgefandi:*

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN  
Skúlagötu 4, Reykjavík

*Ritstjórn:*

GUÐNI ÞORSTEINSSON, ritstjóri  
EIRÍKUR Þ. EINARSSON  
HJÁLMAR VILHJÁLMSOON

Setning, prentun, bókband: Prentsmiðja Hafnarfjarðar hf.

## EFNI

Ástand nytjastofna á Íslandsmiðum og aflahorfur 1978 ..... 5–35

*Gunnar Jónsson:*

Skrá um nöfn á fiskum og ýmsum öðrum sjávardýrum ..... 36–58

Samskrá ..... 37–45

Nafnaskrá ..... 46–57

*Svend-Aage Malmberg:*

Háfadjúp – Snæfellsnes 1971–1975

I. Háfadjúp ..... 59–82

## Ástand nytjastofna á Íslandsmiðum og aflahorfur 1978

### FORMÁLI

Í tillögum um hinn nýja hafréttarsáttmála, sem unnið hefur verið að á undanförunum árum, eru skýr ákvæði þess efnis, að strandríkið ákveði sjálft þann hámarksafla, sem leyfilegt sé að taka af hinum einstöku dýrastofnum innan efnahagslögsögu þess.

Strandríkinu er þar beinlínis lögð sú skylda á herðar að tryggja á sem bestan hátt viðkomu og hámarksnýtingu þessara stofna með viðeigandi friðunaraðgerðum, sem byggðar skuli á hinn bestu vísindalegu þekkingu er það hefur yfir að ráða hverju sinni.

Strandríkið skal einnig sjálft ákvarða hve mikinn hluta af heildarafla hinna einstöku tegunda það telur sér fært að nýta.

Þessi ákvæði, sem gengið hafa óbreytt í gegnum margar endurskoðanir á tillögunum, hafa grundvallarþýðingu fyrir stjórnun fiskveiða á Íslandsmiðum.

Ein megin röksemd okkar á undanförunum áratugum fyrir stækkun fiskveiðilögsögunnar við Ísland var sú, að vegna þess hve algerlega við erum háðir fiskveiðum, værum við færari um að stjórna þessum veiðum en útlendingar eða alþjóðastofnanir. Reynslan á eftir að sýna hvernig okkur fer þetta úr hendi.

Ástand ýmissa nytjastofna á Íslandsmiðum er nú með þeim hætti, að strangt aðhald er nauðsynlegt með veiðunum. Við verðum þess vegna að gera okkur grein fyrir því, hve mikla veiði hinir ýmsu stofnar þola og haga sókn í samræmi við það.

Skýrsla þessi um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum og veiðihorfur, er ekki sú fyrsta, sem stofnunin sendir frá sér um þessi mál, en það er ætlunin að úttekt sem þessi verði gerð reglulega um hver áramót og geti orðið grundvöllur að nauðsynlegri stjórnun veiðanna á komandi árum. Það er þó ýmsum vandkvæðum bundið að gera slíka úttekt á þessum tíma árs, m. a. vegna þess að endanlegar aflskýrslur vantar fyrir ýmsar tegundir síðustu mánuði ársins og verður því að áætla það sem á vantar.

Skýrsla þessi er undirbúin af hinum einstöku sérfræðingum, sem hlut eiga að máli, en hefur auk þess verið rædd ítarlega á sameiginlegum fundum allra sérfræðinga stofnunarinnar.

Við erum nú svo til einir um að nýta efnahagslögsögu okkar, en verðum þó að fara að öllu með gát og minnst þess, að við stjórnnum þessum veiðum ekki einir, því náttúran sjálf ræður einnig miklu um sveiflur í aflabrógðum. Það er því nauðsynlegt að vera vel á verði og endurmeta stöðuna á hverju ári, eða jafnvel oftar, ef þörf krefur, eða ný gögn gefa eitthvað óvænt til kynna. Fiskverndunarkerfi okkar verður því að vera sveigjanlegt, án þess að leggja meiri hömlur á útveginn en nauðsynlegt er hverju sinni.

Meginhluti nytjafiska okkar er af íslenskum uppruna, en þó veiðast hér tegundir, sem hafa stærra útbreiðslusvæði en Íslandsmið. Má þar nefna karfa og kolmunna og norsk-íslensku síldina. Af þessum sökum er okkur nauðsynlegt að hafa samband við þær þjóðir er veiða þessar tegundir á öðrum hafsvæðum og er ástand slíkra stofna tekið út af alþjóðlegum vinnufundum innan vébanda Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Erfiðasta vandamál okkar í dag er ofnýting þorskstofnsins, en veiðin á s.l. ári fór langt fram úr tillögum stofnunarinnar. Af þeim sökum verður að leggja til frekari takmörkun þorskaflans á þessu ári og því næsta, til þess að byggja upp hrygningarstofninn.

Tillaga stofnunarinnar um hámarksafli á þorski á árinu 1978 er 270 þúsund tonn og er það 20 þús. tonnum hærra en meðalþorskveiði Íslendinga á árunum 1967–1976, en heildarþorskaflinn á þessu tímabili var hins vegar 391 þús. tonn að meðaltali á ári (sjá töflu 3). Lagt er til að hámarksafli á ýsu verði 40 þús. tonn á árinu og er það 6 þús. tonnum meira en meðalveiði okkar árin 1967–1976, en í lok nóv. s.l. nam ýsuaflí okkar tæpum 33 þús. tonnum.

Þá er lagt til að ufsaveiðin verði takmörkuð við 60 þús. tonn og er það allveruleg hækkun frá veiði Íslendinga á s.l. ári.

Við getum aukið mjög sóknina í karfann eða í 60 þús. tonn á þessu ári, en í nóvemberlok s.l. var karfaafli okkar einungis rúm 26 þús. tonn.

Stofnunin telur að tvöfalda megi skarkolaveiðina á þessu ári og mætti taka úr stofninum 10 þús. tonn. Þrátt fyrir 10 þús. tonna grálúðuveiði á s.l. ári telur stofnunin, að auka megi þessar veiðar um 5 þús. tonn á þessu ári. Í nóvemberlok var steinbítaflinn orðinn tæp 10 þús. tonn og er það nokkru lægra en þau 13 þús. tonn, sem lagt er til að veiða megi sem hámark á þessu ári.

Að því er varðar síldveiðar, þá er lagt til að hámarksafli verði 35 þús. tonn á þessu ári og er það um 6 þús. tonna hækkun frá veiðinni á s.l. ári.

Þá er lagt til að hámarksafli loðnu fari ekki yfir 1 milljón tonna.

Lagt er til að humaraflinn fari ekki yfir 2.5 þús. tonn og er hér um að ræða 300 tonna lækkun frá veiðinni s.l. ár.

Hægt er að auka mjög hörpudisksveiði frá þeim 3.9 þús. tonnum er

veiddust á s.l. ári, því áætlað er að þekkt mið geti gefið af sér 7.5 þús. tonna ársafla.

Að lokum er lagt til, að heildarafli af rækju af hinum ýmsu veiðisvæðum fari ekki yfir 6.7 þús. tonn, en þó er enn óvíst um veiðar á nokkrum veiðisvæðum, m. a. á djúpslóð út af Norðurlandi.

Aftast í skýrslu þessari eru töflur, sem sýna veiði hinna einstöku tegunda á Íslandsmiðum undanfarna áratugi.

Hafrannsóknastofnunin, 2. febrúar 1978.

Jón Jónsson.

## 1. ÞORSKUR

### 1.1. Ástand stofnsins

Árabilið 1955–1974 var meðalársafli þorsks um 400 þús. tonn. Mestur varð aflinn árið 1954 tæplega 550 þús. tonn, en minnstur árið 1967, eða 345 þús. tonn. Árin 1968–1970 óx aflinn á ný og náði árið 1970 hámarki, 471 þús. tonnum. Þessi aukning stafaði að miklu leyti af sterkum þorsköngum frá Grænlandsmiðum. Síðan 1970 hefur afli farið minnkandi þrátt fyrir að góðir árgangar bættust í veiðanlega stofninn, t. d. árgangarnir frá 1964 og 1970. Árið 1977 er heildaraflinn áætlaður um 340 þús. tonn. Á umræddu tímabili hefur sókn aftur á móti farið sívaxandi og náði hún hámarki árið 1975. Við brotthvarf útlendinga af miðunum hefur sóknin aftur minnkað. Ástæðan fyrir því að aukin sókn skilaði ekki auknum afla, var minnkun þorskstofnsins. Þannig hefur heildarstofninn minnkað úr 2.6 millj. tonna árið 1955 í 1.2 millj. tonna árið 1978. Hrygningarstofni þorsksins hefur hrakað enn meira, úr um 1 millj. tonna á árunum 1957–1959 í 180 þús. tonn árið 1978. Það er einkum tvennt sem hefur valdið minnkandi stofnstærð: 1. Ástand þorskstofnsins við Grænland hefur verið lélegt undanfarin ár og fiskur því ekki gengið þaðan til hrygningar hér við land. 2. Með vaxandi sókn jókst óhjákvæmilega sóknin í smáfisk, svo að af þeim sökum hefur kynþroska þorski farið fækkandi. Með útfærslu fiskveiðilögsögunnar, brotthvarfi útlendinga af miðunum, stækkun möskva og lokun ýmissa uppellissvæði tímabundið eða til langframa, hefur dregið talsvert úr sókninni í smáþorskin, eins og vikið verður að síðar.

## 1.2. Árgangaskipan í veiðinni 1977

Fyrstu tvo mánuði ársins voru ágætar gæftir suðvestanlands. Talsverður þorskaflí fékkst á línu og var heildarþorskaflinn í janúar og febrúar nærri 40% meiri en sömu mánuði árið á undan. Uppistaðan í afla línubáta var smáþorskur af 1973 árganginum (allt að 70%) og varð af þessum sökum að grípa til skyndilokunar á Breiðafirði. Spáð hafði verið, að þar sem stærð hrygningarstofnsins yrði aðeins um 200 þúsund tonn myndi lítið af vertíðarþorski ganga á miðin og reyndist sú spá rétt.

Hrygningin var hins vegar dreifðari árið 1977 en árið áður, þannig að nokkur hluti hrygningarstofnsins gekk t. d. á grunnmið norðanlands og hryndi þar. Uppistaðan í hrygningarþorskinum bæði norðanlands og sunnan var 7 ára fiskur, eins og gert hafði verið ráð fyrir.

Á tímabilinu janúar—maí var 4 ára þorskur yfirgnæfandi í afla línubáta fyrir vestan. Afli togaranna, sem flestir héldu sig á Vestfjarðamiðum, var að langmestu leyti 4 og 5 ára þorskur (um 70% aflans). Hlutfall eldri og stærri þorsks var heldur hagstæðara í flotvörpu en í botnvörpu. Þannig var 42% þorsksins í flotvörpu 4 ára og yngri, en 44% aflans í botnvörpu. Yfir sumarmánuðina var hlutfall 4 ára þorsks og yngri í botnvörpuafslanum svipað og fyrri hluta ársins (42%), en mun hagstæðara í flotvörpu (32%). Hlutfall 4 ára þorsks óx hins vegar í afla línu- og handfærabáta yfir sumarmánuðina og var nær annar hver þorskur í þessi veiðarfæri af 1973 árganginum. Gögn þau, sem hér að framan er byggt á, ná fram í október 1977.

## 1.3. Sóknin á árinu 1977

Umtalsverðasta sóknarminnkun, sem varð á tímabilinu 1976—1977 er brotthvarf Breta af Íslandsmiðum 1. des. 1976. Þeir veiddu 55 þúsund tonn af þorski árið 1976, en ekkert í fyrra.

Þá varð nokkur sóknarbreyting hjá íslenska fiskiskipaflotanum á s.l. ári. Í fyrsta lagi jókst sóknin, vegna þess að fleiri íslensk skip stunduðu þorskveiðar 1977 en árið áður og í öðru lagi, vegna þess að engar veiðar voru stundaðar við Austur-Grænland árið 1977 og í þriðja lagi jókst sókn í þorskin vegna þess að minna var sótt í ufsa og karfa. Á móti kemur svo sóknarminnkun í þorsk vegna þorskveiðibannsins s.l. sumar og í desember s.l. Þá varð enn frekari sóknarminnkun í smáþorsk, þegar reglugerð um 155 millimetra möskva tók gildi 1. febrúar 1977.

Ekki er unnt að meta þessar sóknarbreytingar nákvæmlega á þessu stigi, en þar sem langmest munar um brottför Breta, er talið að heildarsókn í þorskstofninn hafi minnkað á árinu.

Þessi sóknarminnkun hefur þó fyrst og fremst komið fram gagnvart 3 og 4 ára fiski, en sóknin í eldri fisk hefur ekki minnkað.

Í samræmi við sóknarminnkunina hefur afli á úthaldsdag farið vaxandi hjá öllum flotanum, eins og við var að búast, að bátum SV-lands undanskildum. Þar minnkaði afli enn á úthaldsdag, vegna lélegs ástands hrygningarstofnsins.

## 1.4. Horfur

Aflinn árið 1978 mun að óbreyttri sókn frá s.l. ári verða 350 þúsund tonn; árið 1979 verður aflinn 320 þúsund tonn og árið 1980 340 þúsund tonn. Það er því fyrirsjáanlegt að afli á næsta ári verður ekki mikill, ef miðað er við afla undanfarinna ára og verður reyndar að fara aftur til ársins 1947 til að finna svo lágar aflatölur. Munurinn á ástandinu þá og nú er sá, að þá var lítill floti fiskiskipa að veiðum úr stórum stofni og því varð afli á sóknareiningu mikill. Í dag eru aftur á móti of mörg skip að veiða úr of litlum stofni, þannig að nýting flotans er óhagkvæm miðað við stærð stofnsins.

Með óbreyttri sókn mun stærð hrygningarstofnsins á næstu árum verða á bilinu 180—280 þúsund tonn. Þegar hrygningarstofninn byggist á veiku árgöngunum frá 1974 og 1975 mun stofninn enn minnka og fara niður fyrir 190 þúsund tonn, ef ekkert verður að gert.

Ekki liggja fyrir athuganir á ástandi þorskstofnsins við Austur-Grænland á s.l. ári, þar sem engir leiðangrar voru farnir þangað. Rannsóknir undanfarinna ára benda þó til þess, að þaðan sé engra gangna að vænta, sem heitið geti, á allra næstu árum, enda er ástand þorskstofnsins þar lélegt.

Á þessu ári og þeim næstu bætast mjög missterkir árgangar við veiðanlega hluta þorskstofnsins. Árgangarnir frá 1974 og 1975 eru taldir lélegir, en árgangur 1976 er talinn sterkur.

Slæmt ástand þorskstofnsins síðustu ár hefur haft í för með sér minnkandi afla þrátt fyrir aukna sókn. Ört minnkandi hrygningarstofn hefur leitt til vaxandi líkinda á því, að klak þorsksins misfarist. Enda þótt ekki hafi verið sýnt fram á samhengi milli stærðar hrygningarstofns og niðjafjölda, er þó augljóst, að einhver eru þau stærðarmörk hrygningarstofnsins, þar sem hann verður ófær um að gegna líffræðilegu endurnýjunarhlutverki sínu. Hér að lútandi er athyglisvert, að viðkoma þorskstofnsins hefur verið mjög sveiflukennd síðustu 4 ár, þ. e. eftir að stofninn fór niður undir og niður fyrir 200 þúsund tonn.

Lítill hrygningarstofn samsettur af tiltölulega fáum aldursflokkum,

kemur til hrygningar á takmörkuðu tímabili og veltur því á miklu, að umhverfisaðstæður séu hagstæðar einmitt þá. Þegar hrygningarstofn er stór og í honum eru margir aldursflokkar, dreifist hrygning yfir lengri tíma, sem stuðlar að því að einhver hluti stofnsins hrygni við hagstæðar aðstæður. Líta má á stóran hrygningarstofn sem aðlögun tegundarinnar að breytilegum umhverfisaðstæðum og tryggingu fyrir viðhaldi hennar.

Hafrannsóknastofnunin telur nauðsynlegt að byggja upp hrygningarstofninn og þorsstofninn í heild og tryggja þannig viðkomu stofnsins og hámarksafkrastur hans. Telja má eðlilegt að haga nýtingu þorsstofnsins á þann veg, að nota sterku árgangana frá 1973 og 1976 sérstaklega í þessu skyni.

### 1.5. Tillögur um aflahámark 1978

Auk þeirra friðunaraðgerða, sem þegar eru í gangi, leggur Hafrannsóknastofnunin því til, að þorskafli 1978 og 1979 fari ekki yfir 270 þúsund tonn hvort ár.

Æskileg aflsamsetning í þorskveiðunum árið 1978 verði sem hér segir:

|                      |              |
|----------------------|--------------|
| 3–4 ára .....        | 35 þús. tonn |
| 5–6 ára .....        | 167 — —      |
| 7 ára og eldri ..... | 68 — —       |

Afli alls 270 þús. tonn

Tilgangur þessarar aflatakörkunar er sá, að vernda svo þá árganga, sem eru í uppvexti, að þeir geti byggt upp hrygningarstofninn á allra næstu árum og enn fremur að tryggja með áframhaldandi friðunaraðgerðum á komandi árum enn frekari stækkun hrygningarstofnsins. Samkvæmt þeim aflatakörkunum sem hér er mælt með, mun hrygningarstofninn í ársbyrjun 1980 verða 400 þús. tonn, eða 120 þús. tonnum stærri en ef ekkert yrði frekar að gert. Er þá búið að ná hrygningarstofninum upp fyrir þá stærð sem hann var í árið 1973. Þrátt fyrir þessar friðunaraðgerðir er búið við, að hrygningarstofninn minnki á ný árin 1981 og 1982, þegar lélegu árgangarnir frá 1974 og 1975 verða kynþroska, en nauðsynlegt er að nota sterka árganginn frá 1976 til þess að byggja upp hrygningarstofninn, en eins og er verða ekki gerðar tillögur um hámarksaflla lengra fram í tímann, þar sem endurmat með tilliti til nýrra upplýsinga um stofnstærð og árgangastyrkleika er nauðsynlegt á hverju ári.

Minnkuð sókn í 3 og 4 ára fisk hefur leitt til betri nýtingar stofnsins. Þá benda nýjustu rannsóknir til þess, að árgangar frá 1973, 1974 og 1975

séu ívið sterkari en fyrstu athuganir gáfu til kynna. Tillaga um hámarksaflla árið 1978 lækkar því ekki meira frá tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar í fyrra, en raun ber vitni, þótt afli árið 1977 hafi farið talsvert fram úr þeirri tillögu. Þó skal bent á það hér að lokum, að ef tillaga Hafrannsóknastofnunarinnar um 275 þús. tonna hámarksaflla á s.l. ári hefði komið til framkvæmda, hefði hrygningarstofninn á komandi vetrarvertíð verið 50 þúsund tonnum stærri en nú er búið við og hefði mátt auka leyfilegan hámarksaflla á næsta ári talsvert fram yfir það sem nú er lagt til.

### 1.6. Viðmiðunarmörk þorskeftirlits 1978

Tilgangur skyndilokana veiðisvæða er að koma í veg fyrir óhæfilegt smáfiskadráp. Forsendur slíkra lokana verða að byggjast á hlutlægu mati og taka mið af ástandi þorsstofnsins hverju sinni. Sú stefna hefur verið mörkuð, að veiða ekki meira en 18% af þriggja og fjögurra ára fiski. Hin svokölluðu viðmiðunarmörk Hafrannsóknastofnunarinnar eru sett í þessum tilgangi, en þau breytast að sjálfsögðu eftir vaxtarhraða og stærð árganga.

Árið 1977 giltu þau viðmiðunarmörk, að gripið var til skyndilokunar svæðis, þegar 40% af fjölda þorska í afla var undir 58 cm. Var upphaflega gert ráð fyrir, að þessi viðmiðunarmörk giltu fyrir tímabilið janúar–júni, en að ný mörk tækju gildi 1. júlí.

Þessi breyting var eðlileg afleiðing af þeim vexti er viðmiðunarárgangurinn (árg. 1973) hafði tekið út á árinu.

Sjávarútvegsráðuneytið ógilti hins vegar hin nýju viðmiðunarmörk og giltu því hin upprunalegu mörk allt árið 1977.

Það er fiskifræðileg staðreynd, að þörf er nýrra viðmiðunarmarkna á hverju ári og einnig þarf að breyta þeim innan ársins í samræmi við vöxt fisksins.

Viðmiðunarárgangur þessa árs er frá árinu 1974. Hann er talinn nema 130 millj. fiska þriggja ára gamall og er því mun minni en viðmiðunarárgangurinn 1973, sem talinn var nema 340 millj. fiska þriggja ára.

Af þessum sökum er lagt til að hin nýju viðmiðunarmörk verði þannig, að gripið sé til skyndilokunar svæðis ef 20% af afla (eftir fjölda) er undir 58 cm fram til 1. júlí, en 20% af afla undir 62 cm það sem eftir er ársins.

## 2. ÝSA

Ýsuaflinn á Íslandsmiðum hefur síðan 1967 verið á bilinu 40–50 þúsund tonn, sem er allmikið undir meðalafla (70 þúsund tonn) árabilið 1950–1970. Stofninn minnkaði frá árinu 1963 úr 388 þúsund tonnum niður í

146 þúsund tonn árið 1971, en síðan hefur hann vaxið örlítið aftur og er nú talinn vera um 180 þúsund tonn. Hrygningarstofn ýsunnar hefur sýnt hliðstæða þróun, en ýsa sem er 4 ára og eldri telst til hrygningarstofnsins. Árið 1963 var hygningarstofninn 246 þúsund tonn en komst í lágmark árið 1973 eða 76 þúsund tonn. Síðan hefur hrygningarstofninn farið aftur vaxandi og er áætlaður 109 þúsund tonn í ársbyrjun 1978.

Ýsustofninum hnignaði svo miðað við fyrri ár vegna ofveiði á smáýsu og vegna þess að stórir árgangar hafa ekki bæst í stofninn um langt árabil, aðeins 1970 og 1973 árgangarnir eru í meðallagi. Á árinu 1977 bar mest á 1973 árganginum í ýsuveiðinni, þrátt fyrir það að hans gætti minna í veiðinni en ella, vegna aukinnar möskvastærðar. Algjör stakkaskipti til hins betra urðu á s.l. ári er möskvi var stækkaður í 155 mm. Sú ráðstöfun hefur dregið svo úr ofnýtingu smáýsunnar, að núverandi sóknarþungi og möskvastærð eru talin gefa hámarksafrakstur á niðja, þegar til lengdar lætur. Á s.l. ári dró þó úr ýsuafla vegna stækkunar á möskva, en aflinn var þá um 35 þús. tonn. Á þessu ári mun aflinn hins vegar aukast. Lagt er til að leyfilegur hámarksafli 1978 verði 40 þúsund tonn. Margt bendir til þess að 1976 ýsuárgangurinn sé allsterkur og eru því horfur á vaxandi ýsuafla á næstu árum.

### 3. UFSI

Ufsaveiði náði hámarki árið 1971, en þá nam heildarveiðin 137 þúsund tonnum. Síðan hefur afli farið minnkandi og var kominn niður í 80 þúsund tonn árið 1976. Minnkun aflans á rætur að rekja til minnkandi stofnstærðar. Henni valda lélegir árgangar, sem bæst hafa í stofninn að undanförunu og mun sú þróun halda áfram, a. m. k. næstu tvö árin og valda frekari rýrnun stofnsins. Þrátt fyrir það er ufsastofninn ekki kominn í þá lögð, sem hann var í um 1960. Nýting ufsastofnsins hefur verið á þann veg, að hann hefur gefið af sér sem næst hámarksafrakstur. Sóknin í yngri hluta stofnsins er nú tiltölulega lítil og minnkaði þegar ufsaveiðar í hringnót voru bannaðar. Þá hefur aukning möskvastærðar, lokun uppeldissvæða við Suðausturland og stækkun lágmarksstærðar í 50 cm minnkaði sókn í yngri ufsann.

Í úttekt sem gerð var á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins í ársbyrjun 1977 var mælt með, að leyfilegur hámarksafli árin 1977 og 1978 yrði 60 þúsund tonn hvort árið. Bráðabirgðatölur um ufsaafla síðast liðins árs benda til þess, að aflinn hafi verið mjög svipaður þeim afla sem ráðlagt var að veiða það ár. Í samræmi við þessar niðurstöður er lagt til að leyfilegur hámarksafli árið 1978 verði 60 þús. tonn.

## 4. KARFI

### 4.1. Afli og heildarsókn

Heildarafli á Íslandsmiðum minnkaði úr 114 þúsund tonnum árið 1965 í 69 þúsund tonn árið 1973 og hefur haldist í þessu lágmarki, um 70 þús. tonn síðan, þrátt fyrir aukna sókn af hálfu Íslendinga til ársins 1976. Meðalársafli á árunum 1967–1976 var tæp 80 þúsund tonn, þar af veiddu Íslendingar að meðaltali tæp 27 þúsund tonn á ári.

Íslendingar og Þjóðverjar hafa tekið mestan hluta karfaaflans á Íslandsmiðum og hafa Þjóðverjar jafnan veitt meira en Íslendingar. Þó dróst karfaafli þeirra við Ísland saman á undanförunum árum, en afli Íslendinga var nokkuð jafn, 26–29 þúsund tonn um árabil. Afli okkar jókst svo verulega árin 1975 og 1976 og varð rúm 34 þús. tonn síðasta árið.

Karfaveiðar við Ísland eru að verulegu leyti blandaðar veiðar, en sókn Þjóðverja beindist þó einkum að karfastofninum og fór dagveiði þeirra minnkandi flest árin samhliða rýrnandi heildarafla, þrátt fyrir stórauðna afkastagetu togaranna.

Karfaafli Þjóðverja á Íslandsmiðum árið 1977 nam 32 þúsund tonnum. Sókn Íslendinga í karfann þetta ár var mun minni fram eftir sumri en árið áður og hefur karfaafli Íslendinga dregist verulega saman á árinu 1977. Ekkert var veitt við Austur-Grænland og aflinn á heimamiðum minnkaði. Í lok nóv. 1977 var hann um 26.400 tonn og má því ætla að hann verði um 28 þús. tonn á öllu árinu 1977. Karfaafli Belga, Færeyinga og Norðmanna er áætlaður tæp 2 þús. tonn (var rúm 1700 tonn 1976). Það er því ljóst, að heildarkarfaaflinn á Íslandsmiðum hefur verið um 62 þús. tonn á árinu 1977.

### 4.2. Alþjóðleg úttekt á karfastofnunum í N-Atlantshafi

Á s.l. ári var í fyrsta skipti reynt að gera heildarúttekt á karfastofnunum í Norður-Atlantshafi í vinnunefnd á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Vinnunefndin leit á karfastofnana við Færeyjar, Ísland og A-Grænland sem eina heild.

Heildarkarfaaflinn á þessu svæði minnkaði úr 156 þús. tonnum árið 1965 í 88 þús. tonn árið 1973, en hefur aukist síðan, einkum árið 1976 og varð þá 189 þús. tonn. Þessi aukning stafar af stórfelldri smákarfaveiði Sovétmanna við Austur-Grænland, aðallega á árinu 1976 (101 þús. tonn).

Vinnunefndin komst að eftirfarandi niðurstöðum: Karfastofnarnir á svæðinu voru fullnýttir tímabilið 1965–74. Gotstofninn hefur minnkað



um 30–40% allra síðustu árin miðað við meðalstærð hans á tímabilinu 1965–1974. Slík minnkun gotstofnsins gefur ástæðu til fyllstu varúðar. Hin mikla sókn í smákarfa við A-Grænland árin 1975 og 1976 er mjög óæskileg og draga þyrfti stórlega úr henni.

#### 4.3 Tillögur um hámarksafla 1978

Með tilliti til hins hæga vaxtar karfans, hinnar miklu veiði á smákarfa á uppeldissvæðunum við A-Grænland á árunum 1975 og 1976 og óvissunnar um áhrif þeirra, svo og hinnar alvarlegu minnkunar gotstofnsins síðustu árin, leggur Hafrannsóknastofnunin til, að leyfilegur hámarksafla við Ísland verði 60 þús. tonn á árinu 1978.

Miðað við karfaaflann á s.l. ári geta Íslendingar því aukið sinn eigin karfaafla um 100% á árinu 1978. Þessari aukningu aflans verður þó því aðeins náð með því að beina sókninni mun meira að karfaveiðum, en gert var á árinu 1977.

#### 5. SKARKOLI

Árið 1976 var skarkolaafliinn við Ísland aðeins rúm 5 þúsund tonn; í lok nóvember á s.l. ári var skarkolaafliinn orðinn 4.5 þús. tonn.

Síðan Bretar hættu skarkolaveiðum hér við land hefur stofninn verið vannýttur. Allt bendir til þess, að fyrri áætlanir um 10 þús. tonna árlegan hámarksafla séu nálægt lagi. Það er því æskilegt að auka verulega sóknina í skarkolastofninn.

#### 6. GRÁLÚÐA

Síðustu árin fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur var grálúðustofninn ofveiddur. Mestur var aflinn árið 1974, eða tæplega 36 þús. tonn.

Á árinu 1977 juku Íslendingar grálúðuafla sinn mjög verulega og voru togararnir þar fyrst og fremst að verki. Grálúðuaflinn var orðinn tæp 10 þús. tonn í nóvemberlok, en það er 3 þúsund tonnum meira en ársafla okkar 1970, er hann var mestur fram að þessu. Vestur-Þjóðverjar veiddu 4.5 þús. tonn á árinu 1977 og er það tvöfalt meira en þeir veiddu árið 1976.

Á fundi grálúðuvinnunefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins s.l. vetur tókst ekki að reikna út æskilegan hámarksafla af grálúðu á Íslandsmiðum vegna ónógra gagna. Verður því enn að nota fyrri áætlun Hafrannsóknastofnunarinnar, en þar er gert ráð fyrir, að taka megi 15 þús. tonn á ári úr stofninum við núverandi aðstæður, en um 20 þús. tonn þegar hann hefur náð sér eftir ofveiði undanfarinna ára.

#### 7. LÚÐA

Lúðustofninn við Ísland hefur verið ofnýttur um langt skeið, vegna þess hve mikið veiðist af smálúðu með öðrum fiski. Heildaraflinn komst í hámark árið 1958, en þá veiddust 6.7 þús. tonn alls á Íslandsmiðum. Meðalársafliinn var 2.6 þús. tonn á árunum 1967–1976 og var hlutur Íslendinga 900 tonn, en þó hefur veiði okkar aukist undanfarin ár.

#### 8. STEINBÍTUR

Meðalársafli af steinbít á tímabilinu 1967–1976 nam tæpum 14 þús. tonnum. Meðalafla okkar á þessu tímabili var um 9 þús. tonn.

Stærð steinbítstofnsins hefur tekið litlum breytingum á undanförunum árum og virðist stofninn hafa verið fullnýttur fram til ársins 1976.

Lagt er til að leyfilegur hámarksafla 1978 verði 13 þús. tonn þannig að Íslendingar geta aukið steinbítafla sinn talsvert frá því sem verið hefur.

#### 9. SPÆRLINGUR

Spærlingsveiðar hafa verið stundaðar reglulega síðan 1969. Mestur varð aflinn árið 1976 eða rúm 27 þús. tonn. Meðalafla áranna 1969–1976 er rúm 7.600 tonn.

Spærlingur er skammlífur fiskur og verður í hæsta lagi 5 ára gamall. Afli spærlingsbáta er oft mjög blandaður öðrum afla, m. a. kolmunna, sem hingað til hefur verið flokkaður með spærlingsaflanum. Aukaafli þessi er mjög mismikill og breytilegur og fer það eftir árstíma og veiðisvæði. Spærlingsveiði má auka til muna, en nauðsynlegt er að strangt eftirlit verði með ungvíði nytjafiska í aflanum.

#### 10. LÝSA

Samkvæmt aflaskýrslum hefur lýsuaflinn minnkað hér við land úr 2.700 tonnum 1964 í 250 tonn 1976. Útlendingar tóku meirihlutann af þessum afla. Afli Íslendinga hefur verið óverulegur samkvæmt skýrslum, en líklegt er að lýsan sé oft talin með öðrum afla. Með núverandi möskvastærð er ekki líklegt að lýsuafla í botnvörpu aukist.

## 11. LANGA

Samkvæmt skýrslum Alþjóðahafrannsóknaráðsins hefur lönguafli á Íslandsmiðum verið frá 6–15 þús. tonn á árunum 1967–1976. Erfitt er að gera sér grein fyrir hinum raunverulega afla, þar sem langa og blálanga eru ekki aðskildar í skýrslum sumra þjóða. Hafa Íslendingar veitt um  $\frac{1}{2}$ – $\frac{2}{3}$  þessa magns. Lönguafllann má sennilega auka nokkuð, en hann er að mestu leyti aukaveiði og mun afli því fara nokkuð eftir því, hvernig öðrum veiðum er háttað.

## 12. BLÁLANGA

Um afla blálöngu á Íslandsmiðum er ekki vitað með vissu (sbr. löngu). Þó mun ekki fjarri lagi að áætla, að heildaraflinn á Íslandsmiðum hafi numið 3–6 þús. tonnum á ári og hafa Þjóðverjar tekið um helming þess afla.

## 13. KEILA

Keiluaflinn á Íslandsmiðum hefur verið um 5–8 þús. tonn á ári. Hlutur Íslendinga í þessum afla hefur verið breytilegur frá 1.6–4.6 þús. tonn á ári. Eftir 1970 hefur hlutdeild Íslendinga minnkað, en hlutur Færeyinga aukist. Á árinu 1976 var keiluaflí Íslendinga 2.9 þús. tonn, en heildaraflí á Íslandsmiðum 5.8 þús. tonn.

## 14. SKÖTUSELUR

Þetta er fisktegund, sem ekki er mikið um, en fæst lítilsháttar við veiði á öðrum tegundum. Heildaraflinn á Íslandsmiðum var 1.400 tonn árið 1968, en minnkaði síðan fram til ársins 1973, er hann var um 380 tonn. Síðan hefur hann aukist og var 618 tonn árið 1976.

## 15. LANGHALAR (slétti langhali og snarpi langhali)

Þetta eru djúpfiskar sem Íslendingar hafa ekki hagnýtt að neinu marki ennþá, enda fyrst verðlagðir 1976. Engar skýrslur liggja fyrir um veiði á þeim hér við land, en vitað er að Sovétmenn veiddu nokkuð af slétta langhala við Ísland á árunum 1965–68. Þetta eru hægvoxta tegundir og veiðar Sovétmanna við Nýfundaland hafa sýnt, að afli á sóknareiningu minnkar ört, þegar farið er að veiða langhala í stórum stíl.

## 16. GULLLAX

Gulllax hefur svo til ekkert verið nýttur af Íslendingum, enda þótt töluvert hafi veiðst af honum með öðrum fiski, einkum karfa. Hann er veiddur og nýttur til manneldis af ýmsum öðrum þjóðum. Þessi tegund er algeng á djúpslóð í hlýja sjónum. Í rannsóknarleiðöngnum hefur orðið vart við allmikið af honum í köntunum SV-lands og á Færeyjahrygg. Minna mun þó veiðast af honum nú en áður vegna stærri möskva í vörpum. Talið er, að veiða mætti töluvert af þessum fiski með smáriðnari vörpu.

## 17. LITLI KARFI

Litli karfi veiðist talsvert með karfa, en hefur ekki verið nýttur vegna smæðar. Ördugt kann að vera að ná til hans sumsstaðar vegna þess, að víða velur hann sér svæði, þar sem erfitt er að koma við botnvörpu. Allmikið er um þennan fisk, a. m. k. hin seinni ár, úti fyrir S- og SV-landi. Á ýmsum stöðum, t. d. SV-lands, virðist litli karfi hafa lagt undir sig svæði, þar sem áður var karfi.

## 18. HROGNKELSI

Grásleppuveiðar hafa farið vaxandi á undanförunum árum og náðu hámarki árið 1976 þegar söltuð voru 2.4 þús. tonn af hrognum, en það samsvarar 9.8 þús. tonnum af grásleppu upp úr sjó.

Árið 1977 fengust um 1.9 þús. tonn af hrognum (7.700 tonn af grásleppu upp úr sjó) og stafar þessi aflaminnkun að nokkru leyti af því, að þá voru settar ýmsar hömlur á veiðarnar með reglugerð, en einnig sýna veiðiskýrslur, að afli á sóknareiningu hefur minnkað á undanförunum árum samtímis aukningu sóknar og heildarafla.

Bráðabirgðakönnun bendir til að aflahámarkið 1976 hafi fengist með mikilli sókn á öllum hefðbundnum veiðisvæðum og ólíklegt að stofninn gefi meira af sér, án þess að til komi nýting nýrra veiðisvæða. Auka mætti sókn í rauðmagann frá því sem nú er.

## 19. SÍLD

### 19.1. Ástand sumargotssíldarstofnsins

Við lok síðasta áratugs og í byrjun þessa hafði íslenskum síldarstofnum hnignað svo mjög, að síldveiðar í hringnót voru bannaðar frá 1. febr. 1972 til 15. sept. 1975. Á þessu tímabili hafði íslenski vorgotssíldarstofn-

inn að vísu ekki sýnt nein batamerki, en sumargotssíldarstofninn hafði stækkað verulega, einkum vegna hins tiltölulega góða árgangs frá 1971. Stofnstærðarmælingar, sem fram fóru í nóv. 1973 gáfu til kynna, að þessi árgangur væri miklu stærri en hinir lélegu árgangar, sem bæst höfðu í stofninn allmörg ár þar á undan. Niðurstöður þessara mælinga hafa nú verið staðfestar, enda hefur þessi árgangur verið um eða yfir helmingur síldaraflans eftir að síldveiðar voru leyfðar að nýju haustið 1975 (sjá töflu 1).

Athuganir á stærð 1972 árgangsins sýna, að hann er lélegur. Stofnstærðarmælingarnar, sem fram fóru haustið 1975 bentu hins vegar til þess, að 1973 árgangurinn væri sterkur; þetta fékkst þó ekki staðfest árið eftir. Eigi að síður var þó gert ráð fyrir því í aflaspá fyrir 1977 að þessi árgangur myndi skila sér í verulegum mæli. Þessi spá hefur þó ekki ræst nema að takmörkuðu leyti.

TAFLA 1

Meðalþyngd og meðallengd suðurlandssíldar eftir aldri, aldurskipting í % og spá um aldursdreifingu 1978.

| Aldur |      |      |      |      | Spá 1978  |             |             |              |
|-------|------|------|------|------|-----------|-------------|-------------|--------------|
|       | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | eftir fj. | eftir þyngd | meðalp. (g) | meðall. (cm) |
| 2     |      | 2    | 1    | 1    | 1         | 1           | 80          | 22.0         |
| 3     | 66   | 4    | 15   | 16   | 12        | 8           | 160         | 26.5         |
| 4     | 14   | 62   | 6    | 24   | 53        | 46          | 200         | 29.0         |
| 5     | 17   | 12   | 55   | 11   | 10        | 11          | 260         | 32.3         |
| 6     | 2    | 15   | 11   | 39   | 4         | 6           | 290         | 33.2         |
| 7     | 1    | 2    | 9    | 5    | 17        | 23          | 320         | 34.3         |
| 8     |      | 1    | 2    | 3    | 2         | 3           | 340         | 35.0         |
| 8 +   |      | 1    | 1    | 1    | 1         | 2           | 370         | 36.0         |
|       | 100  | 100  | 100  | 100  | 100       | 100         |             |              |

Athuganir á aldurskiptingu síldaraflans og stofnstærðarmælingar haustið 1976 gáfu til kynna, að árgangurinn frá 1974 væri sterkur. Rannsóknir sem gerðar voru 1977 staðfestu fyrri mælingar og verður að gera ráð fyrir, að þessi árgangur sé nálægt því að vera meðalstór ef miðað er við tímabilið 1955–63, en sennilega talsvert sterkari en hinn tiltölulega góði árgangur frá 1971.

Athyglisvert er, að meðallengd síldar af 1974 árganginum er nærri 2 cm lægri en verið hefur um margra ára skeið. Slík breyting á vaxtarhraða rennir frekari stöðum undir þá skoðun, að þessi árgangur sé mun sterkari en fyrirrennarar hans.

Fyrstu athuganir á 1975 árganginum benda til, að hann sé af svipaðri stærð og 1974 árgangurinn, þ. e. af meðalstærð, ef miðað er við tímabilið 1955–1963.

Haustið 1977 var veitt hlutfallslega meira af stofninum en gert hafði verið ráð fyrir, þegar tillögur um hámarksafla voru gerðar. Þessa hækkun veiðidánarstuðla má einkum rekja til eftirfarandi atriða:

- 1973 árgangurinn reyndist ekki eins sterkur og gert hafði verið ráð fyrir,
- aflí fór um 3500 tonn fram yfir það sem lagt var til,
- síldin var mun magrari en árið áður og því þurfti fleiri síldar til þess að ná þeim afla, sem á land kom.

Gert er ráð fyrir að veiðidánarstuðlar hafi af þessum sökum verið um 25% hærri en áætlað var í tillögum um hámarksafla fyrir árið 1977.

## 19.2. Hrygningarstofn sumargotssíldar

Sé tekið tillit til þessarar hækkunar veiðidánarstuðla og miðað við þær forsendur um stærð árganga, sem að framan voru greindar, hefur stærð hrygningarstofnsins (4 ára síld og eldri) verið endurreiknuð fyrir árin 1975–1977 og spá gerð fyrir 1978–1979. Niðurstöður eru sem hér segir:

Hrygningarstofn sumargotssíldar (4 ára síld og eldri í þús. tonna):

| 1975 | 1976 | 1977 | 1978  | 1979  |
|------|------|------|-------|-------|
| 85   | 95   | 105  | (155) | (200) |

Samkvæmt spá fyrir árið 1977 átti hrygningarstofninn þá að vera 120 þús. tonn í stað 105. Þessi mismunur er fyrst og fremst vegna þess, að 1973 árgangurinn hefur reynst mun lélegri en búist hafði verið við.

Mörg undanfarin ár hefur sumargotssíldin orðið kynþroska 4 ára gömul og er því miðað við þann aldur þegar reiknuð er stærð hrygningarstofnsins. Þess ber þó að geta, að svo hefur dregið úr vaxtarhraða 1974 árgangsins, að sennilega verður hann ekki allur kynþroska 1978. Sá stofn sem hrygnir í raun á þessu ári verður því sennilega nokkru minni en gert er ráð fyrir í töflu hér að ofan.

Hrygningarstofninn var um 350 þús. tonn áður en honum tók að hnigna upp úr 1964. Stefnt er að því, að stofninn nái aftur þessari stærð innan fárra ára.

### 19.3. Tillögur um hámarksaflla og tilhögun veiða 1978

Með tilliti til þess, sem að framan er getið og afrakstursgetu stofnsins hverju sinni, eru hér með gerðar eftirfarandi tillögur um hámarksaflla og tilhögun síldveiða árið 1978.

- Leyfilegur hámarksaflli verði 35.000 tonn.
- Þessum aflla verði skipt milli hringnótar- og reknetabáta, en þar sem 3–4 ára síld (26–30 cm) verður í miklum meirihluta á miðunum á hausti komanda, er eindregið lagt til, að sú aflaukning sem gert er ráð fyrir frá fyrra ári verði fyrst og fremst tekin með reknetum og hringnótaveiðar ekki auknar frá því sem var 1977.
- Hringnótaveiðar verði leyfðar 20. sept. – 20. nóv., en reknetaveiðar frá 20. ág. – 20. nóv.
- Reglugerð um bann við veiði smásíldar verði breytt þannig, að 27 cm síld og minni megi ekki vera meiri en 25% í aflla í stað 50% (eftir fjölda).

## 20. LOÐNA

### 20.1. Þróun veiðanna

Loðnuveiðar í núverandi mynd hófust hér við land árið 1964, en þann vetur veiddust rúmlega 8 þús. tonn í hringnót við vestanverða suðurströndina og í Faxaflóa. Í byrjun voru veiðarnar eingöngu stundaðar á grunn-sævi við suður- og vesturströndina. Þær hófust fljótlega eftir að fyrsta gangan kom upp að landinu og stóðu þar til hrygning var langt komin.

Sumarið 1969 voru loðnuveiðar reyndar á djúpmiðum norðan- og norðaustanlands og út af Austfjörðum veturinn eftir. Árangur varð lítill sem enginn, enda útbúnaður annar og smærri í sniðum en nú er og með minnsta móti af loðnu á miðunum.

Árið 1973 urðu þáttaskil, en þá voru veiðar reyndar í janúar á nýjan leik á Austfjarðamiðum. Hafa þær veiðar síðan verið mismiklar, en árvissar. Árið 1976 hófust sumar- og haustveiðar norðan- og norðvestanlands. Þá fengust um 115 þúsund tonn, en 1977 tæp 260 þús. tonn.

Framangreind þróun loðnuveiðanna sést vel á töflu 6. Eins og við er að búast hafa orðið verulegar breytingar á þeim flota, sem loðnuveiðar stundar. Upphaflega voru skipin tiltölulega fá, en fjölgaði ört og munu hafa verið á annað hundrað þegar mest var. Á seinni árum hefur skipum fækkað nokkuð, en þau hafa hins vegar verið stækkuð mikið og búnaður

allur aukinn og bættur, þannig að afköst eru nú margföld miðað við sama skipafjölda fyrir fáum árum. Telja verður að afkastageta íslenska loðnuveiðiflotans sé orðin nægjanleg til þess að fullnýta loðnustofninn.

### 20.2. Stofnstærð og veiðiþol

Fullnægjandi vitneskja er enn ekki fyrir hendi um heildarstærð loðnustofnsins né afföll milli ára af völdum náttúrunnar. Til þessa liggja einkum þrjár ástæður: 1) skammlífi loðnunnar, 2) erfiðleikar við magnmælingar með fiskileitartækjum vegna ísreks og veðurs á þeim tímum árs sem best er að framkvæma mælingar að öðru leyti, 3) grundvöllur til merkinga úr hringnót varð fyrst fyrir hendi með tilkomu sumarveiða.

Af ofangreindum ástæðum er veiðiþol loðnustofnsins ekki nákvæmlega þekkt. Áætlað hefur verið, að það sé á bilinu 1–1.5 millj. tonna árlega og fram til ársins 1977 hafa veiðar verið langt neðan þessara marka.

Tafla 2 sýnir fjölda veiddrar loðnu eftir aldursflokkum á vetrarvertíð árin 1967–77 ásamt aflla í þúsundum tonna, hundraðshluta 4 ára loðnu og hlutfallslegan fjölda loðnuseiða árin 1972–77. Rannsóknir á fjölda og útbreiðslu loðnuseiða sýndu á sínum tíma, að árgangarnir 1972–75 voru mjög góðir. Athuganir á fjölda veiddra loðna eftir árgöngum hafa staðfest þetta og raunar leitt í ljós, að árgangarnir frá 1969 og 1970 voru einnig mjög sterkir.

TAFLA 2

Fjöldi veiddrar loðnu á vetrarvertíð (milljónir) eftir árgöngum á árunum 1967–1977. Taflan sýnir einnig aflann (í þús. tonna), hundraðshluta 4 ára loðnu og hlutfallslega fjölda loðnuseiða á árunum 1972–1977.

| Aldur                                    | 1967  | 1968  | 1969  | 1970  | 1971  | 1972   | 1973   | 1974   | 1975   | 1976             | 1977   |
|--|-------|-------|-------|-------|-------|--------|--------|--------|--------|------------------|--------|
| 2  | 37    |       | 25    | 18    | 258   | 627    | 915    | 1.319  | 397    | 79               | 52     |
| 3  | 1.992 | 2.119 | 6.309 | 2.371 | 6.157 | 14.650 | 13.650 | 16.307 | 14.610 | 7.689            | 12.111 |
| 4  | 2.168 | 997   | 1.671 | 5.905 | 2.607 | 1.435  | 5.309  | 3.552  | 3.597  | 7.409            | 11.763 |
| 5  | 38    | 33    | 6     | 154   | 26    | 94     | 82     | 160    | 137    | 61               | 91     |
| Samt. fj.                                | 4.235 | 3.149 | 8.011 | 8.448 | 9.048 | 16.702 | 19.956 | 21.338 | 18.471 | 15.238           | 24.017 |
| Afli                                     | 97.2  | 78.1  | 170.6 | 190.8 | 182.9 | 276.5  | 440.9  | 461.9  | 457.6  | 338.7            | 545.0  |
| % 4 ára                                  | 51.2  | 31.7  | 20.9  | 69.9  | 28.8  | 8.6    | 26.6   | 16.6   | 19.5   | 48.6             | 49.0   |
| Hlutfallslegur fjöldi loðnuseiða á ágúst |       |       |       |       |       | 89     | 116    | 134    | 89     | 32 <sup>1)</sup> | 43     |

1) Seiðafjöldi 1976 reiknast nokkru lægri en hann er í raun, þar sem hluti svæðisins var undir ís er rannsókn var gerð.

Tiltölulega lágt hlutfall 3 ára loðnu veturna 1976 og 1977 er sennilega afleiðing lítils vaxtarhraða og seinkun kynþroska eins og hætt er við að verði hjá stórum árgöngum þegar samkeppni verður um æti. Árgangurinn frá 1975 hrygnir að hluta til í fyrsta sinn í vetur ásamt afganginum af hinum sterka árgangi frá 1974. Þess vegna er ekki ástæða til að takmarka veiðar á vetrarvertíð 1978, en afli gæti þá orðið allt að 650 þúsund tonn. Öðru máli gegnir um veiðarnar seinni hluta ársins 1978. Þær munu byggjast á þeim hluta hins sterka árgangs, sem ekki varð kynþroska í ár (3 ára) og árganginum frá 1976 sem talið er h. u. b. helmingi minni, sbr. töflu 2. Niðurstöður athugana, sem gerðar verða á tímabilinu júlí–september 1978 og gangur veiða mun ráða úrslitum um það, hvort nauðsyn ber til að takmarka loðnuafli ársins 1978.

Rannsóknir á fjölda og útbreiðslu loðnuseiða sumarið 1977 sýndu, að árgangur þess árs er af svipaðri stærð og árgangurinn frá 1976. Þessir tveir árgangar munu bera uppi veiðina árið 1979 og að verulegu leyti árið 1980. Með hliðsjón af þessu og meðan viðbrögð stofnsins við hinu stórauðna álagi eru að koma í ljós, virðist óráðlegt að fara næstu 2–3 árin yfir neðri mörk þess veiðipóls, sem þegar hefur verið nefnt, þ. e. 1 milljón tonna á ári.

Loks skal á það bent, að loðnan er skammlífur fiskur og hafa sveiflur í stofnstærð því skemmri aðdraganda en hjá langlífari tegundum.

### 20.3. Tillögur um veiðitakmarkanir

Til þess að tryggja svo sem kostur er viðvarandi hámarksafli og stuðla að öflun góðs hráefnis, er lagt til að settar verði eftirfarandi takmarkanir við loðnuveiðar:

1. Hámarksafli verði 1 milljón tonna á tímabilinu 1. júlí 1978 – 30. júní 1979.
2. Loðna 12 cm að lengd og minni verði friðuð með a) svæðislökunum og b) ákvæðum um aflsamsetningu eins og nú er og c) setningu reglugerðar um lágmarksmöskvastærð (19 mm).
3. Veiðibann frá lokum vetrarvertíðar til 15. júlí meðan yngri árgangurinn er að taka út sumarvöxt, loðnan er að fitna og átuinnihald er mest.

### 21. KOLMUNNI

Rannsóknir á stærð kolmunnastofnsins hafa einkum farið fram á hrygningarstöðvunum við Bretlandseyjar, þar sem mikill hluti kynþroska fisksins er saman kominn á tiltölulega afmörkuðu svæði.

Stofnstærðarmælingar hafa verið gerðar með fiskileitartækjum og enda þótt töluleg gildi séu nokkuð á reiki, er talið víst, að stærð hrygningarstofnsins sé á bilinu 8–15 milljónir tonna.

S.l. 2–3 ár hafa kolmunnaveiðar einkum verið stundaðar á hrygningarstöðvunum í mars–apríl og við Færeyjar í maí.

Tilraunaveiðar hafa nokkuð verið stundaðar út af Austfjörðum og í Austurdjúpi. Á árunum 1969–1971 fengu sovéskir skuttogarar t. d. verulegan kolmunnaafli á þessu svæði. Árið 1972 voru hringnótaveiðar reyndar, en árangur var fremur lélegur. Sumarið 1976 báru tilraunaveiðar með flotvörpu mjög góðan árangur. Í júlí 1977 fékk rannsóknaskip einnig mjög góðan afli út af norðanverðum Austfjörðum og í kjölfar þess stundaði eitt fiskiskip kolmunnaveiðar á þessum slóðum síðari hluta júlí s.l. með ágætum árangri. Líklegt er, að mikinn kolmunnaafli megi fá út af Austfjörðum að sumarlagi, en nauðsyn ber til að kanna betur hve langt fram á haust unnt er að stunda veiðarnar.

Undanfarin ár hefur verið mikið af kolmunna á hafsvæðinu milli Grænlands og Íslands. Ekki er ljóst hvort þetta er hluti af aðalstofninum, en telja verður það fremur ólíklegt. Haustið 1977 voru gerðar þarna veiðitilraunir með flotvörpu á leiguskipum og gefur árangur þeirra vonir um að þarna megi fiska mikið af kolmunna.

Þessum veiðitilraunum verður að fylgja eftir og þarf einkum að kanna á hvaða tíma er hentugast að veiða og hvenær og hversu langan tíma veiðivon er á hvoru svæði fyrir sig.

Sá afli sem hingað til hefur verið tekinn er svo örlítið brot af stofninum að telja verður hann mjög lítið nýttan.

### 22. HUMAR

Heildarveiði á humri árið 1977 var hin sama og árið áður eða um 2.800 tonn, en það var í samræmi við leyfilegan hámarksafli. Framan af humarvertíðinni var meðalafli á togtíma mun meiri en hann hefur verið um árabil, en seinni hluti vertíðar var lélegur, þannig að meðalafli á togtíma á allri vertíðinni varð endanlega hinn sami og 1976, eða 36 kg.

Árið 1977 jókst sóknin verulega við Vestmannaeyjar, í Meðallandsbug, Skeiðarárdjúpi og Breiðamerkurdjúpi, en meðalafli á togtíma á þessum

svæðum varð þrátt fyrir það 39 kg á móti 37 kg árið áður. Þessi batamerki má rekja til humars, sem nú er kominn í veiðina og áætlaður úr árgöngum 1969–71. Vegna þessara árganga er mjög mikið af smáum humri og millihumri í aflanum, en hann er þó löngu orðinn kynþroska og veiðar á ókynþroska undirmálshumri eru ekki umtalsverðar.

Humarveiðin við Suðvesturland, þ. e. frá Jökuldjúpi að Selvogsbanka gekk aftur á móti mun verr árið 1977 en árið áður og varð meðalafli á tog-tíma einungis 28 kg á móti 34 kg 1976, þrátt fyrir talsverða sóknarminnkun. Virðist sem þeir árgangar er komið hafa inn í nýtanlega hluta stofnsins á þessum svæðum undanfarin ár, séu mun minni en við Suður- og Suðausturland, enda var stofninn á þessu svæði verr farinn en víðast annars staðar. Árið 1977 varð þó sumsstaðar vart við aukna nýliðun í undirmálshumri á þessu svæði.

Nýir útreikningar byggðir á gögnum frá 1977 gefa til kynna, að þegar stofninn var síðast í hámarki um 1970, hafi sá hluti humarstofnsins sem nær lágmarksstærð til löndunar (þ. e. 7 cm halalengd eða 6 ára og eldri) verið um 18.7 þús. tonn. Vegna alltof mikillar sóknar á árunum 1970–72 minnk-aði stofninn ört og var kominn niður í um 11.2 þús. tonn árið 1974, en þá var gripið til öflugra friðunaraðgerða. Talið er að stofninn hafi verið kominn upp í 13.2 þús. tonn á s.l. ári og er aukningin eins og að ofan greinir, fólgin í nýliðun árganganna 1969–71 í nýtanlegum hluta humarstofnsins á árunum 1975–1977, fyrst sem smáhumri og síðar millihumri. Hluti stórhumars í aflanum hefur nær sífellt farið minnkandi frá 1969 og verður áfram lágur á árinu 1978, þar eð hann flokkast ekki sem stórhumar fyrr en u. þ. b. 9–10 ára gamall.

Þó má vænta nokkurrar aukningar í stórhumri á árunum 1979–81 þegar árgangarnir frá 1969–71 hafa náð tilskildri stærð. Ástæður fyrir hinu mjög lága hlutfalli stórhumars í afla undanfarinna ára, má að nokkru rekja til heldur lélegra árganga, t. d. 1968, auk hinnar miklu veiði á árunum 1970–72.

Þegar tillögur voru gerðar um leyfilegan hámarksafli árið 1977 var hlutur stórhumars lítillsháttar ofmetinn. Af þessum sökum og einnig til þess að stuðla að frekari uppbyggingu stofnsins er lagt til, að leyfilegur hámarksafli árið 1978 verði 2.500 tonn og að sóknartakmörkunum verði einkum beint að svæðum suðvestanlands.

## 23. HÖRPUDISKUR

Áætlað er að hörpudisksaflinn árið 1977 hafi verið 3.500 tonn, en hámarki náði þessi veiði árið 1972. Það ár nam aflinn 7.349 tonnum. Eins og undanfarin ár takmarkaðist aflinn af lágu markaðsverði og lítilli sókn á stórum hluta þekktra veiðisvæða. Afli á sóknareiningu hélst góður á s.l. ári og ekki virðist hafa reynt um of á veiðiþol svæðanna, nema með fáum undantekningum.

Talið er að veiðiþol þekktra miða nú sé um 5.000 tonn í Breiðafirði, 1.000 tonn á Vestfjörðum og a. m. k. 1.500 tonn í Húnaflóa eða samtals 7.500 tonn.

## 24. RÆKJA

### 24.1. Ástand og horfur á helstu veiðisvæðum

Rækjuveiðum hér við land hefur nokkur undanfarin ár verið stjórnað með ákvæðum um hámarksafli fyrir hvert veiðisvæði, enda virðist rækjan vera staðbundin. Aldursákvæðanir hafa t. d. leitt í ljós, að vöxtur er mishraður og sveiflur í stærð árganga koma ekki fram samtímis á hinum ýmsu svæðum. Veiði á einu veiðisvæði hefur því ekki áhrif á veiðar á öðru. Ekki er talið að um ofveiði sé að ræða á hinum hefðbundnu veiðisvæðum.

Á Breiðafirði náði aflinn hámarki árið 1974 eða 909 tonnum. Hámarksafrakstur þessa svæðis virðist vera 500–600 tonn. Árið 1975 varð ársaflinn einungis 334 tonn. Síðan 1976 hefur mikil fiskgengd verið í Breiðafirði og stórum hluta miðanna lokað í langan tíma af þeim sökum. Árin 1976 og 1977 voru þannig ekki leyfðar rækjuveiðar fyrr en komið var fram á sum- ar og einungis í Kolluál árið 1977 vegna lítills rækjuafli og mikils fisks. Kolluáll er talinn geta gefið af sér 70–80 tonn á ári, samkvæmt fyrstu útreikningum. Árið 1977 voru tekin um 100 tonn á því svæði.

Arnarfjarðarrækjan var ofveidd á árunum 1969–71 og voru veidd 690 tonn fyrri veturinn og 640 tonn seinni veturinn. Stofninn rétti ekki við fyrr en veturinn 1975–76, þegar leyft var að veiða 310 tonn. Veturinn 1976–77 var leyfilegur hámarksafli 520 tonn og 600 tonn veturinn 1977–1978.

Undanfarna vetur hafa góðir árgangar bæst í rækjustofninn í Ísafjarðardjúpi og var því lagt til að leyfilegur hámarksafli veturinn 1977–78 yrði 2.500 tonn.

Á árunum 1965–1972 urðu allmiklar breytingar á rækjusvæðum í Húnaflóa, t. d. fjölgaði veiðisvæðum og flokkunarvélur voru teknar í notkun. Frá og með vetrinum 1972–73 hafa veiðarnar tekið litlum breytingum og mið-

ast stofnstærðarútreikningar við s.l. fimm ár. Stofninn í Húnaflóa er ekki ofveiddur, sé litið á hann í heild, en veiðar hafa verið allskrykkjótta á Ófeigsfjarðarflóa. Rækjuafli í Húnaflóa var 1.940 tonn veturinn 1976–77, en lagt er til að leyft verði að veiða 2.000 tonn veturinn 1977–78.

Á Axarfirði hafa veiðar verið stundaðar í þrjú ár. Fyrstu niðurstöður benda til þess, að stofninn þar geti gefið af sér um 800–900 tonn á ári. Er lagt til að leyfilegur hámarksafli nemi 850 tonnum fyrir vertíðina 1977–78. Rækjan á Axarfirði og Húnaflóa á það sameiginlegt að standa mun þéttar en á flestum öðrum svæðum.

Ekki er enn komin næg reynsla á djúpslóðina við Norðurland til þess að áætla hámarksafkrastur. Grímseyjarmiðin virðast þola 180–230 tonna ársafli. Rækjumiðin við Kolbeinsey virðast þola meiri veiði en erfitt er að gera sér grein fyrir afrakstursgetu annarra djúpmiða norðanlands. Sumarið 1977 hamlaði hafis mjög veiðum við Norðurland, en það ár veiddust um 680 tonn á djúpmiðum norðanlands, þar af 310 tonn við Grímsey. Líklegt má telja að fleiri mið eigi eftir að finnast við Norðurland.

Á Berufirði eru rækjumið á takmörkuðu svæði. Nú er talið að hámarksafkrastursgeta þeirra sé 75–80 tonn á ári. Afli á tog tíma var mjög hár allt árið 1977. Lagt er því til að leyft verði veiði á 85 tonnum veturinn 1977–78.

#### 24.2. Tillögur um leyfilegan hámarksafli

Rækjuvertíðin hefst víðast hvar í október eða nóvember og fæst oft einn þriðji til helmingur vertíðaraflans fyrir áramót. Reynt er að hafa leyfilegan hámarksafli nálægt varanlegum hámarksafkrastri og sem jafnastan frá ári til árs vegna þeirra, sem byggja afkomu sína á veiðunum, en slíkt verður þó að ráðast af ástandi stofnsins hverju sinni.

|                      | Leyfilegur hámarksafli í tonnum |                  |
|----------------------|---------------------------------|------------------|
|                      | veturinn 1977–78                | veturinn 1978–79 |
| Arnarfjörður .....   | 600                             | 590              |
| Ísafjarðardjúp ..... | 2500                            | 2500             |
| Húnaflói .....       | 2000                            | 2000             |
| Axarfjörður .....    | 850                             | 850              |
| Berufjörður .....    | 85                              | 75               |

Tillögur um leyfilegan hámarksafli fyrir vertíðina 1978–79 verða allar endurskoðaðar í september 1978. Gert er ráð fyrir, að rækjuafllinn á árinu 1978 verði a. m. k. 6.700 tonn, þar af um 700 tonn á djúpslóð við Norðurland.

#### 25. HVALUR OG HVALVEIÐAR

Síðan veiðar á stórhval hófust að nýju árið 1948 hafa þær verið takmarkaðar við eina landstöð með 4 bátum. Auk þess hefur stöðin sjálf sett ýmsar takmarkanir á veiðarnar, t. d. fjölda hvala í veiðiferð.

Rannsóknir á langreyði benda til þess, að stofninn sé fullnýttur með núverandi sókn. Samkvæmt tillögum Alþjóðahvalveiðiráðsins má hámarksafli langreyðar vera mestur 304 hvalir á ári, en þó ekki fleiri en 1524 á hverju sex ára tímabili, þannig að í raun má meðalársafllinn ekki vera meiri en 254 á tímabilinu. Enn hefur Alþjóðahvalveiðiráðið samþykkt að hámarksafli á sandreyði sé nú 84 á ári, en veiði á þessari tegund hefur verið mjög sveiflukennnd, aðallega vegna breytilegra gangna. Ekki hefur ennþá verið sett aflamark á búrhvalsveiðina við Ísland.

Á s.l. ári tóku gildi alþjóðleg ákvæði um hámarksafli á hrefnu. Leyfilegur hámarksafli innan íslenskrar fiskveiðilögsögu er 200 dýr.

#### 26. SELUR OG SELVEIÐAR

Stofnstærðarrannsóknir á landsel og útsel eru nýhafnar, m. a. með merkingum og aldursákvörðunum.

Talið er að landselsstofninn hér við land nemi 30–35 þús. dýrum.

Enginn ákvæði eru enn í gildi um takmarkanir á fjölda sela er veiða má við Ísland.

Veiðin byggist að langmestu leyti á landselskópum. Á árunum 1962–1976 var meðalársveiðin 6379 dýr, þar af 5679 landselskópar, 469 útselskópar, en aðeins 263 fullorðin dýr.

TAFLA 3

Tillögur um hámarksaflla einstakra tegunda á Íslandsmiðum árið 1978, afli 1976, 1977 og meðalafli 1967—76 (þús. tonn).

| Tegund                       | Tillögur um hámarksaflla | Afli 1977 (áætl.) | Afli 1976 |      | Meðalafli 1967—76 |      |
|------------------------------|--------------------------|-------------------|-----------|------|-------------------|------|
|                              | 1978                     | Ísland            | Ísland    | Alls | Ísland            | Alls |
| Porskur .....                | 270                      | 325               | 281       | 348  | 250               | 391  |
| Ýsa .....                    | 40                       | 35                | 35        | 42   | 34                | 46   |
| Ufsi .....                   | 60                       | 47                | 57        | 82   | 54                | 100  |
| Karfi .....                  | 60                       | 28                | 34        | 70   | 27                | 80   |
| Skarkoli .....               | 10                       | 5                 | 5         | 5    | 6                 | 8    |
| Grálúða .....                | 15                       | 10                | 2         | 5    | 4                 | 13   |
| Steinbítur .....             | 13                       | 10                | 11        | 13   | 9                 | 16   |
| Síld .....                   | 35                       | 29                | 17        | 17   | 21                | 23   |
| Loðna .....                  | 1.000 <sup>1)</sup>      | 809               | 450       | 450  | 281               | 281  |
| Humar .....                  | 2.5                      | 2.7               | 2.8       | 2.8  | 3.2               | 3.3  |
| Hörpudiskur ...              | 7.5                      | 3.9               | 3.7       | 3.7  | 3.5               | 3.5  |
| Rækja .....                  | 6.7 <sup>2)</sup>        | 6.1 <sup>2)</sup> | 6.8       | 6.8  | 4.9               | 4.9  |
| Botnfiskar .....             | 468                      | 460               | 425       | 645  | 384               | 654  |
| Síld og loðna ...            | 1.035                    | 837               | 467       | 467  | 302               | 304  |
| Humar, rækja, hörpudiskur .. | 16.7                     | 12.7              | 13.3      | 13.3 | 11.6              | 11.7 |

1) Fyrir tímabilið 1. júlí 1978 — 30. júní 1979.

2) Að undanskildum nokkrum veiðisvæðum, sbr. texta.

TAFLA 4

Veiði helstu botnfiska á Íslandsmiðum árin 1950—1976 (tonn).

|             | Porskur | Ýsa     | Ufsi    | Karfi   | Skark. | Lúða  | Steimb. | Grálúða |
|-------------|---------|---------|---------|---------|--------|-------|---------|---------|
| 1950 Ísland | 197.433 | 27.099  | 17.440  | 72.897  | 3.834  | 1.323 | 6.611   |         |
| alls        | 350.355 | 66.749  | 72.705  | 125.907 | 9.172  | 5.937 | 12.814  |         |
| 1951 Ísland | 183.252 | 22.173  | 21.152  | 97.213  | 4.183  | 2.364 | 8.259   |         |
| alls        | 348.482 | 56.029  | 85.838  | 166.501 | 8.439  | 6.626 | 17.273  |         |
| 1952 Ísland | 237.314 | 15.166  | 37.266  | 44.243  | 1.457  | 1.823 | 11.628  |         |
| alls        | 399.943 | 46.487  | 103.595 | 126.607 | 5.578  | 5.730 | 25.052  |         |
| 1953 Ísland | 263.516 | 14.954  | 30.261  | 32.894  | 0.350  | 1.073 | 12.331  |         |
| alls        | 526.061 | 54.828  | 79.099  | 157.488 | 4.693  | 4.798 | 24.041  |         |
| 1954 Ísland | 306.191 | 21.322  | 16.416  | 28.850  | 0.289  | 0.754 | 6.354   |         |
| alls        | 547.530 | 62.652  | 69.629  | 141.124 | 5.663  | 3.956 | 15.922  |         |
| 1955 Ísland | 315.438 | 21.704  | 12.301  | 32.724  | 0.259  | 0.410 | 4.562   |         |
| alls        | 538.130 | 64.945  | 47.843  | 110.269 | 7.733  | 3.219 | 14.681  |         |
| 1956 Ísland | 292.586 | 22.054  | 25.250  | 33.713  | 0.515  | 0.710 | 6.509   |         |
| alls        | 480.709 | 62.289  | 67.860  | 92.899  | 7.888  | 3.259 | 17.928  |         |
| 1957 Ísland | 247.087 | 31.302  | 19.055  | 27.914  | 1.622  | 1.498 | 11.172  |         |
| alls        | 451.909 | 76.726  | 62.061  | 84.122  | 9.603  | 4.766 | 22.337  |         |
| 1958 Ísland | 284.407 | 28.624  | 14.961  | 20.439  | 0.648  | 1.121 | 10.811  |         |
| alls        | 508.683 | 70.498  | 53.178  | 90.497  | 8.163  | 6.698 | 23.990  |         |
| 1959 Ísland | 284.259 | 26.534  | 14.975  | 19.915  | 0.921  | 1.126 | 9.677   |         |
| alls        | 452.504 | 64.578  | 48.479  | 82.344  | 8.428  | 6.090 | 18.892  |         |
| 1960 Ísland | 295.668 | 41.988  | 12.703  | 20.356  | 3.405  | 1.701 | 9.429   |         |
| alls        | 465.318 | 87.493  | 48.039  | 82.561  | 8.059  | 7.115 | 18.564  |         |
| 1961 Ísland | 233.874 | 51.300  | 13.675  | 15.345  | 4.226  | 1.618 | 12.600  |         |
| alls        | 374.645 | 102.056 | 49.795  | 68.822  | 11.001 | 5.595 | 20.455  |         |
| 1962 Ísland | 221.820 | 54.288  | 13.464  | 13.185  | 5.010  | 1.517 | 13.192  |         |
| alls        | 376.342 | 119.615 | 50.380  | 75.277  | 11.411 | 4.924 | 23.231  | 2.393   |
| 1963 Ísland | 232.839 | 51.834  | 14.758  | 22.803  | 3.325  | 1.202 | 17.304  |         |
| alls        | 402.002 | 102.444 | 48.449  | 90.132  | 9.658  | 4.653 | 29.454  | 3.215   |
| 1964 Ísland | 273.584 | 56.586  | 21.665  | 18.096  | 5.336  | 1.089 | 8.183   |         |
| alls        | 429.284 | 99.047  | 60.417  | 95.160  | 9.368  | 3.759 | 17.192  | 3.512   |
| 1965 Ísland | 233.483 | 53.506  | 24.866  | 23.663  | 7.286  | 0.946 | 7.491   |         |
| alls        | 393.636 | 99.033  | 60.107  | 114.100 | 10.898 | 4.060 | 17.555  | 5.951   |
| 1966 Ísland | 223.974 | 36.028  | 21.022  | 16.607  | 7.354  | 0.898 | 7.891   |         |
| alls        | 356.755 | 60.100  | 52.168  | 107.068 | 11.875 | 2.647 | 14.799  | 7.560   |



|             | <i>Porskur</i> | <i>Ýsa</i> | <i>Ufsi</i> | <i>Karfi</i> | <i>Skark.</i> | <i>Lúða</i> | <i>Steinb.</i> | <i>Grálúða</i> |
|-------------|----------------|------------|-------------|--------------|---------------|-------------|----------------|----------------|
| 1967 Ísland | 193.449        | 37.977     | 29.021      | 17.857       | 5.644         | 1.018       | 10.268         |                |
| alls        | 325.022        | 60.225     | 76.449      | 95.083       | 11.380        | 2.805       | 16.947         | 30.056         |
| 1968 Ísland | 227.594        | 34.014     | 38.207      | 24.716       | 6.144         | 0.940       | 8.972          |                |
| alls        | 381.070        | 51.192     | 78.578      | 96.475       | 10.270        | 2.091       | 14.892         | 21.036         |
| 1969 Ísland | 281.680        | 35.036     | 53.988      | 24.321       | 10.764        | 0.842       | 7.674          | 5.856          |
| alls        | 406.411        | 46.613     | 116.343     | 87.736       | 14.031        | 2.077       | 12.470         | 25.020         |
| 1970 Ísland | 302.875        | 31.833     | 63.882      | 23.807       | 8.117         | 1.103       | 5.706          | 7.343          |
| alls        | 470.757        | 44.488     | 116.836     | 78.962       | 10.018        | 3.212       | 10.549         | 30.820         |
| 1971 Ísland | 250.324        | 32.376     | 60.080      | 29.118       | 7.179         | 1.284       | 5.286          | 5.020          |
| alls        | 453.052        | 46.107     | 136.519     | 82.370       | 9.688         | 3.112       | 11.284         | 15.049         |
| 1972 Ísland | 225.354        | 29.252     | 59.945      | 26.973       | 5.129         | 1.088       | 9.036          | 4.640          |
| alls        | 398.528        | 39.270     | 111.301     | 77.325       | 6.496         | 2.325       | 14.099         | 10.665         |
| 1973 Ísland | 238.898        | 34.390     | 56.342      | 26.470       | 4.132         | 1.032       | 10.578         | 2.115          |
| alls        | 383.446        | 45.505     | 110.888     | 69.650       | 4.773         | 2.000       | 13.996         | 7.386          |
| 1974 Ísland | 238.066        | 34.401     | 65.220      | 27.799       | 3.936         | 0.977       | 11.977         | 2.842          |
| alls        | 374.770        | 42.626     | 97.517      | 69.128       | 4.021         | 1.762       | 15.293         | 7.866          |
| 1975 Ísland | 264.975        | 36.658     | 61.430      | 32.659       | 4.399         | 1.168       | 11.042         | 1.212          |
| alls        | 370.991        | 45.703     | 87.924      | 70.734       | 4.575         | 1.894       | 13.842         | 3.308          |
| 1976 Ísland | 280.831        | 34.870     | 56.811      | 34.028       | 4.993         | 1.632       | 11.485         | 1.687          |
| alls        | 347.849        | 42.367     | 81.945      | 69.870       | 5.024         | 2.105       | 13.333         | 5.448          |

**TAFLA 5**  
**Sildarafli (tonn).**

| <i>Ár</i>  | <i>Á Íslandsmiðum</i> |                    | <i>Annarsstaðar</i> | <i>Samtals</i> |
|------------|-----------------------|--------------------|---------------------|----------------|
|            | <i>Ísland</i>         | <i>Heildarafli</i> |                     |                |
| 1950 ..... | 60.441                | 74.561             |                     | 60.441         |
| 51 .....   | 84.837                | 105.674            |                     |                |
| 52 .....   | 32.038                | 61.464             |                     | 32.038         |
| 53 .....   | 69.518                | 95.422             |                     | 69.518         |
| 54 .....   | 47.774                | 61.152             |                     | 47.774         |
| 55 .....   | 52.574                | 74.502             | 1.018               | 53.592         |
| 56 .....   | 101.171               | 124.159            |                     | 101.171        |
| 57 .....   | 115.363               | 143.987            |                     | 115.363        |
| 58 .....   | 107.484               | 151.199            |                     | 107.484        |
| 59 .....   | 182.601               | 237.991            |                     | 182.601        |
| 1960 ..... | 136.437               | 224.478            |                     | 136.437        |
| 61 .....   | 325.911               | 461.584            |                     | 325.911        |
| 62 .....   | 478.127               | 650.508            |                     | 478.127        |
| 63 .....   | 396.476               | 507.703            |                     | 396.476        |
| 64 .....   | 544.396               | 625.141            |                     | 544.396        |
| 65 .....   | 590.445               | 624.040            | 172.485             | 762.930        |
| 66 .....   | 430.128               | 482.615            | 296.980             | 727.108        |
| 67 .....   | 94.283                | 118.483            | 368.521             | 462.804        |
| 68 .....   | 27.589                | 30.775             | 113.939             | 141.528        |
| 69 .....   | 23.513                | 24.103             | 33.380              | 56.893         |
| 1970 ..... | 16.445                | 16.445             | 34.924              | 51.369         |
| 71 .....   | 11.831                | 11.836             | 49.584              | 61.415         |
| 72 .....   | 310                   | 310                | 41.381              | 41.691         |
| 73 .....   | 254                   | 254                | 43.359              | 43.613         |
| 74 .....   | 1.286                 | 1.287              | 39.185              | 40.471         |
| 75 .....   | 13.280                | 13.280             | 20.153              | 33.433         |
| 76 .....   | 17.168                | 17.168             | 12.808              | 29.976         |
| 77 .....   | 28.687                | 28.687             |                     | 28.687         |

TAFLA 6  
Loðnuafli Íslendinga (þús. tonn).

| Ár         | S- og SV-<br>land | Djúpmið N-, NA-<br>og Austurland | Djúpmið N-<br>og NV-land | Samtals |
|------------|-------------------|----------------------------------|--------------------------|---------|
|            | Febr.–apríl       | Janúar og febr.                  | Júli–des.                |         |
| 1964 ..... | 8.6               |                                  |                          | 8.6     |
| 65 .....   | 49.7              |                                  |                          | 49.7    |
| 66 .....   | 124.5             |                                  |                          | 124.5   |
| 67 .....   | 97.2              |                                  |                          | 97.2    |
| 68 .....   | 78.1              |                                  |                          | 78.1    |
| 69 .....   | 170.6             |                                  |                          | 170.6   |
| 1970 ..... | 188.8             | 2.0                              |                          | 190.8   |
| 71 .....   | 182.9             |                                  |                          | 182.9   |
| 72 .....   | 276.5             |                                  |                          | 276.5   |
| 73 .....   | 345.3             | 95.6                             |                          | 440.9   |
| 74 .....   | 433.8             | 28.1                             |                          | 461.9   |
| 75 .....   | 335.6             | 122.0                            | 3.1                      | 460.7   |
| 76 .....   | 252.1             | 86.6                             | 114.4                    | 450.1   |
| 77 .....   | 303.0             | 246.2                            | 259.7                    | 808.9   |

TAFLA 7  
Veiði á humri, rækju og hörpudiski (tonn).

| Ár         | Humar         |       |               | Rækja         | Hörpudiskur   |
|------------|---------------|-------|---------------|---------------|---------------|
|            | Ísland        | Aðrir | Samt.         | Ísland        | Ísland        |
| 1950 ..... |               | 15    | 15            |               |               |
| 51 .....   |               | 26    | 26            |               |               |
| 52 .....   |               | 53    | 53            |               |               |
| 53 .....   |               | 144   | 144           |               |               |
| 54 .....   |               | 236   | 236           |               |               |
| 55 .....   |               | 203   | 203           | 390           |               |
| 56 .....   |               | 138   | 138           | 772           |               |
| 57 .....   |               | 312   | 312           | 500           |               |
| 58 .....   | 728           | 593   | 1.321         | 768           |               |
| 59 .....   | 1.404         | 602   | 2.006         | 1.068         |               |
| 1960 ..... | 2.081         | 451   | 2.532         | 1.396         |               |
| 61 .....   | 1.490         | 322   | 1.812         | 1.207         |               |
| 62 .....   | 2.662         | 154   | 2.816         | 541           |               |
| 63 .....   | 5.550         | 512   | 6.062         | 733           |               |
| 64 .....   | 3.487         | 586   | 4.073         | 675           |               |
| 65 .....   | 3.706         | 409   | 4.115         | 926           |               |
| 66 .....   | 3.465         | 546   | 4.011         | 1.776         |               |
| 67 .....   | 2.731         | 208   | 2.939         | 1.428         |               |
| 68 .....   | 2.489         | 157   | 2.646         | 2.469         |               |
| 69 .....   | 3.512         | 189   | 3.701         | 3.281         | 402           |
| 1970 ..... | 4.026         | 119   | 4.145         | 4.431         | 2.432         |
| 71 .....   | 4.657         | 155   | 4.812         | 6.248         | 3.658         |
| 72 .....   | 4.321         | 260   | 4.581         | 5.344         | 7.349         |
| 73 .....   | 2.791         | 5     | 2.796         | 7.166         | 4.661         |
| 74 .....   | 1.983         | 6     | 1.989         | 6.328         | 2.851         |
| 75 .....   | 2.357         | —     | 2.357         | 5.025         | 2.784         |
| 76 .....   | 2.780         | —     | 2.780         | 6.780         | 3.669         |
| 77 .....   | 2.800 (áætl.) |       | 2.800 (áætl.) | 7.200 (áætl.) | 3.500 (áætl.) |

TAFLA 8  
Hvalveiðar við Ísland (fjöldi hvala).

| Ár   | Steypi-<br>reyður | Lang-<br>reyður | Sand-<br>reyður | Búr-<br>hvalur | Hnúfu-<br>bakur | Hrefna |
|------|-------------------|-----------------|-----------------|----------------|-----------------|--------|
| 1948 | 24                | 195             | 5               | 15             |                 |        |
| 49   | 33                | 249             | 12              | 28             | 2               |        |
| 1950 | 28                | 226             |                 | 11             |                 |        |
| 51   | 11                | 312             | 2               | 13             | 1               |        |
| 52   | 14                | 224             | 25              | 2              |                 |        |
| 53   | 5                 | 207             | 70              | 48             | 2               |        |
| 54   | 9                 | 177             | 93              | 54             | 1               |        |
| 55   | 10                | 236             | 134             | 20             |                 |        |
| 56   | 8                 | 265             | 72              | 95             |                 |        |
| 57   | 10                | 348             | 78              | 81             |                 |        |
| 58   | 5                 | 289             | 91              | 123            |                 |        |
| 59   | 6                 | 178             | 67              | 120            |                 |        |
| 1960 |                   | 160             | 42              | 177            |                 |        |
| 61   |                   | 142             | 58              | 150            |                 |        |
| 62   |                   | 303             | 44              | 136            |                 |        |
| 63   |                   | 283             | 20              | 136            |                 |        |
| 64   |                   | 217             | 89              | 138            |                 |        |
| 65   |                   | 289             | 74              | 69             |                 |        |
| 66   |                   | 310             | 41              | 86             |                 |        |
| 67   |                   | 239             | 48              | 119            |                 |        |
| 68   |                   | 202             | 3               | 75             |                 |        |
| 69   |                   | 251             | 69              | 103            |                 |        |
| 1970 |                   | 272             | 44              | 61             |                 |        |
| 71   |                   | 208             | 240             | 106            |                 |        |
| 72   |                   | 238             | 132             | 76             |                 |        |
| 73   |                   | 267             | 138             | 47             |                 |        |
| 74   |                   | 285             | 9               | 71             |                 | 90     |
| 75   |                   | 245             | 138             | 37             |                 | 181    |
| 76   |                   | 275             | 3               | 111            |                 | 195    |
| 77   |                   | 144             | 131             | 110            |                 |        |

TAFLA 9  
Selveiði við Ísland.

| Ár       | Heildar-<br>veiði | Landsels-<br>kópar | Útsels-<br>kópar | Fullorðin<br>dýr |
|----------|-------------------|--------------------|------------------|------------------|
| 1962     | 5786              | 5101               | 293              | 392              |
| 63       | 6573              | 5795               | 568              | 210              |
| 64       | 7063              | 6176               | 593              | 294              |
| 65       | 6581              | 5598               | 767              | 216              |
| 66       | 6148              | 5578               | 404              | 166              |
| 67       | 4977              | 4481               | 449              | 47               |
| 68       | 5726              | 5049               | 524              | 153              |
| 69       | 6666              | 5831               | 579              | 256              |
| 1970     | 6740              | 5942               | 404              | 394              |
| 71       | 6894              | 6126               | 557              | 211              |
| 72       | 6930              | 6237               | 415              | 278              |
| 73       | 6803              | 5996               | 483              | 324              |
| 74       | 6240              | 5534               | 406              | 300              |
| 75       | 6673              | 6111               | 122              | 440              |
| 76       | 5891              | 5627               | ?                | 264              |
| Samtals  | 95691             | 85182              | 6564             | 3945             |
| Meðaltal | 6379              | 5679               | 469              | 263              |

## Skrá um nöfn á fiskum og ýmsum öðrum sjávardýrum

Undanfarin ár höfum við á Hafrannsóknastofnuninni oft þurft að svara spurningum um erlend nöfn á ýmsum fiskum og sjávardýrum sem finnast á Íslandsmiðum og víðar. Einnig er spurt um íslensk nöfn fyrir erlend. Það gæti því verið þægilegt að hafa aðgang að skrá um nöfn nágrannaþjóða okkar á nokkrum algengum tegundum fiska — einkum nytjafiska — og sjávardýra á Íslandsmiðum. Á meðan á samantekt skrárinnar stóð stóðst höfundur ekki freistinguna og lét fljóta með nöfn nokkurra annarra tegunda sem algengar eru í nágrannahöfunum en flækjast stundum hingað.

Skránni er skipt í tvennt. Fyrst er samskrá sem nær yfir 56 tegundir fiska, 17 tegundir hvala, 6 tegundir sela, rostung, 2 tegundir krabbadýra og 6 tegundir skeldýra og nöfn þeirra á færeysku (f), dönsku (d), norsku (n), sænsku (s), þýsku (þ), ensku (e) og frönsku (fr.) auk íslensku og vísindaheitis. Við fiskana er einnig getið nafna sem tíðkast í Bandaríkjunum (am) ef þau eru frábrugðin ensku nöfnunum. Hver tegund hefur sitt ákveðna númer. Á eftir samskránni er nafnaskrá. Þar eru öll nöfnin í stafrófsröð án tillits til tungumáls og er tegundarnúmer samskrárinnar við hvert nafn. Í skránni eru gerður greinarmunur á breiðum og grönnum sérhljóðum: „a“ er því talið á undan „á“, „i“ á undan „í“ osfrv. Stafirnir „á“ og „ä“ eru taldir sjálfstæðir og koma þeir á eftir „á“ í stafrófinu (a, á, ä, ä osfrv.). Þá er gerður greinarmunur á „ö“ og „ø“ og er „ö“ talið á undan.

Við samantekt þessa hefur verið stuðst við fjöldan allan af bókum og ritum og er þeirra helstu getið í heimildaskrá aftast. En þrátt fyrir fjölda góðra heimilda má búast við að einhver nafnanna séu ekki alveg rétt því að stundum gætir ósamræmis í hinum ýmsu ritum. Margar fisktegundir og einkum hvalategundir hafa fleiri en eitt nafn bæði á íslensku og erlendum málum og hefur ekki verið hirt um að eltast við þau öll en oftast látið nægja að taka þau nöfn sem algengust eru eða þekktust. Vonast er til að enginn meiri háttar ruglingur skapist af þessu og þeir sem rit þetta nota hafi nokkurt gagn af.

Guðna Þorsteinsdóttir fiskifræðingi þakka ég góð ráð og leiðbeiningar.

## SAMSKRÁ

## FISKAR

- 1 **Áll** *Anguilla anguilla*  
f. állur, d. ål, n. ål, s. ål, þ. Aal, Flussaal, e. eel, fr. anguille.
- 2 **Beinhákarl** *Cetorhinus maximus*  
f. brugda, d. brugde, n. brugde, s. brugd, þ. Riesenhai, e. basking shark, shark, fr. pèlerin.
- 3 **Blágóma** *Anarhichas denticulatus*  
f. blágómur, d. blå havkat, bredpannet havkat, n. blåstenbit, s. blå havkatt, þ. Wasserkatze, Blauer Katfisch, e. blue seacat, jelly cat, am. northern wolffish.
- 4 **Blálanga** *Molva dypterygia dypterygia*  
f. blálonga, d. byrkelange, n. blålange, byrkelange, s. birkelanga, þ. Blauer Leng, e. blue ling, fr. langue bleue, campagnol.
- 5 **Bleikja** *Salvelinus alpinus*  
f. bleikja, d. fjeldørred, n. røyr, røye, s. röding, þ. Seesabling, Saibling, e. char, charr, fr. ombles-chevalier, ombles-arctique, am. arctic char.
- 6 **Brynstirtla** *Trachurus trachurus*  
f. rossamakrelur, d. hestemakrel, n. taggmakrell, s. taggmakrill, þ. Stöcker, Bastardmakrele, e. horse mackerel, scad, fr. chinehard, saurel.
- 7 **Dröfnuskata** *Raja clavata*  
f. naglasköta, d. sømrokke, n. piggs skate, s. knaggrocka, þ. Keulenroche, Nagelroche, e. roker, thornback ray, fr. raie bouclée.
- 8 **Geimyt** *Chimaera monstrosa*  
f. havmús, d. havmus, n. hágylling, s. havsmus, þ. Seerate, Spöke, e. rabbitfish, rat-tail, rat-fish, fr. chimère monstreuse.
- 9 **Grálúða** *Reinhardtius hippoglossoides*  
f. svartkalvi, d. hellefisk, n. blákveite, s. lilla hälleflundra, þ. Schwarzer Heilbutt, e. Greenland halibut, fr. flétan noir.
- 10 **Grásleppa** (sjá hrognkelsi)
- 11 **Gulllax** (stóri) *Argentina silus*  
f. gulllaksur, d. guldlaks, n. vassild, s. guldlaks, þ. Goldlachs, e. great silver smelt, fr. saumon doré, grande argentine, am. Atlantic argentine.

- 12 **Hafáll** *Conger conger*  
f. havállur, d. havål, n. havål, s. havsål, þ. Meeraal, e. conger eel, fr. congre.
- 13 **Háfur** *Squalus acanthias*  
f. háur, d. pighaj, n. pigghå, hå, s. pigghaj, hå, þ. Dornhai, e. spurdog, piked dogfish, fr. aiguillat, am. spiny dogfish.
- 14 **Hákarl** *Somniosus microcephalus*  
f. hákelling, d. havkal, n. hákjerring, s. hákæring, þ. Eishai, e. Greenland shark, fr. laimargue courtes.
- 15 **Hámeri** *Lamna nasus*  
f. hemari, d. sildehaj, n. hábrann, sildehaj, s. hábrand, þ. Heringshai, e. porbeagle, fr. taupe.
- 16 **Hlýri** *Anarhichas minor*  
f. liri, d. plettet havkatt, n. havkat, s. fläckig havkat, þ. Geflecker Katfisch, e. spotted catfish, fr. loup marin, am. spotted wolffish.
- 17 **Hornsíli** *Gasterosteus aculeatus*  
f. kombikk, d. trepigget hundestejle, n. strikling, s. storspigg, þ. Dreistachliger Stichling, e. stickleback, tiddler, three spined stickleback, fr. épinoche.
- 18 **Hrognkelsi** *Cyclopterus lumpus*  
f. rognkelsi, d. stenbider, n. rognkjeks, s. sjurygg, þ. Seehase, e. lump, lumpsucker, fr. lompe, am. lumpfish.
- 19 **Ískóð** *Boreogadus saida*  
d. polartorsk, n. polartorsk, s. polartorsk, þ. Polardorsch, e. polarcod, fr. morue des glaces, am. arctic cod.
- 20 **Karfi (stóri)** *Sebastes marinus*  
f. stóri kongafiskur, d. rødfisk, n. uer, s. störrer kungsfisk, rødfisk, þ. Grosser Rotbarsch, e. Norway haddock, red-fish, fr. rascasse du nord, am. redfish, ocean perch.
- 21 **Karfi (litli)** *Sebastes viviparus*  
f. litli kongafiskur, d. lille rødfisk, n. lysuer, berggalt, s. mindre kungsfisk, þ. Kleiner Rotbarsch, e. Norway haddock, fr. petite sébaste.
- 22 **Keila** *Brosme brosme*  
f. brosmi, d. brosmi, n. brosmi, lubb, s. lubb, þ. Lumb, Brosme, e. torsk, tusk, fr. brosmi, am. cusk.

- 23 **Kolmunn** *Micromesistius poutassou*  
f. svartkjaffur, d. sortmund, n. blágunnar, kolkjeft, kolmule, s. kolmule, blávitling, þ. Blauer Wittling, e. blue whiting, poutassou, fr. poutassou, merlan bleu.
- 24 **Langa** *Molva molva*  
